



Starfsáætlun Íþróttar- og tómstundasviðs - 2009-



Uppbyggilegur frítími



Efnisyfirlit:

Megináherslur ÍTR 2009	3
Skipurit fyrir Íþrótt- og tómstundasvið	4
Hlutverk ÍTR	4
Skipting rekstrar, tekna og gjalda	5
Helstu verkefni 2008	6
Stefnukort ÍTR 2009	7
Skýringar við stefnukort ÍTR 2009	7
Helstu verkefni 2009	10
<i>Þjónusta</i>	10
<i>Verklag</i>	11
<i>Mannauður</i>	13
<i>Fjármál</i>	14
Lykiltölur ÍTR 2008	15
Skorkort	15

Megináherslur ÍTR 2009

Þátttaka í góðu frístunda- og íþróttastarfi hefur afar jákvæð áhrif á tilveru barna og segir mikið til um hvernig þeim farnast í lífinu. Samfélagsbreytingar undanfarin ár hafa leitt til aukinnar áherslu á heildræna frístundaþjónustu í nærumhverfinu og eflingu félagsauðs í hverfum - að leystir séu úr læðingi samfélagskraftar sem styrkja gott mannlíf og lífsgæði. Þannig má segja að virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hafi jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Lykilhugtök í þessu tilliti eru jafnræði, fjölbreytileiki og gæði.


Sköpun slíks velferðarsamfélags byggir síður á því að sett sé fram áætlun sem innleidd er og stjórnað af sérfræðingum heldur fremur á því að virkja vilja almennings, orkuna sem fólgin er í breytingum, getu og skuldbindingu - skapa menningu um siðferðileg viðmið þar sem þess er vænst að allir íbúar leggi sitt af mörkum við að efla heilbrigði barna og unglunga. Áhugi og virk þátttaka í starfsemi leiðir af sér einingu innan hverfanna um stuðning við jákvæðar aðstæður ungs fólks og heilbrigðan lífstíl.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að allt ungt fólk hafi sömu möguleika og stuðning ef á þarf að halda og að allir geti fundið áhugamálum sínum farveg í öruggu umhverfi. Meginmarkmið í starfsáætlun Íþrótt- og tómstundasviðs 2009 lúta umfram annað að auknum gæðum frítímaþjónustunnar, skilvirkni og mannauði. Þörfum íbúa verður best mætt með því að styrkja félagsleg kerfi í nærumhverfi þeirra svo sem fjölskylduna, skólann, frítímaþjónustu og starf frjálsra félaga. Á þeim vettvangi er lagður grunnurinn að uppeldi barna og unglunga til lýðræðislegrar þátttöku við mótun samfélagsins.

Í starfsáætlun ÍTR er leitast við að endurspegla þessa sýn á aflvaka nauðsynlegra samfélagsbreytinga og tengja það raunverulegum verkefnum og aðgerðum í hverfum borgarinnar. Fjölskyldur í borginni sjái og upplifi að þörfum þeirra sé mætt á faglegan og lausnamiðaðan máta.

Í þeim efnahagsþrengingum sem steðja að borgarbúum er mikilvægast að tryggja að börn og unglingar geti notið uppbyggilegs frítíma. Starfsemi sem haldið er úti af borgaryfirvöldum og frjálsu félögum verði þeim griðastaður og vettvangur gleði og lærdóms. Áherslan í starfseminni verði í auknum mæli rækt við jákvæð gildi og góðar uppeldisaðstæður á krefjandi tímum.

Skipurit fyrir Íþróttta- og tómstundasvið



Hlutverk ÍTR

Ástunda vandaða stjórnsýslu og samstarf við önnur svið borgarinnar um víðfeðm og þverfagleg úrræði byggð á sameiginlegum markmiðum.

Skapa börnum, unglingum og ungmennum aðstöðu til íþróttta- og tómstundastarfs þar sem gildi virkrar þátttöku, uppeldis, óformlegs náms og forvarna eru í fyrirrúmi.



Stuðla að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri tækifæri til íþróttaiðkunar, líkamsræktar, afþreyingar og slökunar.

Hafa forystu um eflingu og þróun fagumhverfis frítímaþjónustunnar.

Eiga samráð við íþróttta- og æskulýðsfélög og veita þeim þjónustu og stuðning.

Skipting rekstrar, tekna og gjalda

Íþróttta- og tómstundasvið rekstraryfirlit	Rauntölur 2007	Esk. áætlun 2008	Útkomuspá 2008	Áætlun 2009
Rekstrartekjur:				
Aðrar tekjur				
.....	1.111.966	1.112.144	1.110.247	1.089.480
Rekstrartekjur samtals	<u>1.111.966</u>	<u>1.112.144</u>	<u>1.110.247</u>	1.089.480
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld				
.....	2.424.180	2.567.692	2.611.416	2.663.668
Annar rekstarkostnaður				
.....	4.614.195	4.884.804	4.859.653	4.910.885
Rekstrargjöld samtals	<u>7.038.375</u>	<u>7.452.496</u>	<u>7.471.069</u>	7.574.553
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5.926.408)	(6.340.352)	(6.360.822)	(6.485.073)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
.....				
Rekstrarniðurstaða				
.....	<u>(5.926.408)</u>	<u>(6.340.352)</u>	<u>(6.360.822)</u>	(6.485.073)



Helstu verkefni 2008

Skrifstofa Íþrótt- og tómstundasviðs

Þróun Frístundakorts.

Þjónustukannanir vegna frístundaheimila, kannanir á viðhorfum til heilsársfrístundar.

Upplýsingaefni á erlendum tungumálum sett á vef ÍTR.

Þjónustusamningar gerðir við fjölda æskulýðs- og íþróttafélaga.

Rafræn þjónusta og upplýsingamiðlun aukin.

Umfangsmikil kynning á vetrarstarfi fyrir börn og unglinga í borginni.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Vinna við nýtt fjárhagslíkan fyrir frístundamiðstöðvar.

Mannauðsþjónusta

Vinnustaðagreining á öllum starfsstöðum ÍTR og úrbætur í kjölfarið.

Öryggisverðir og trúnaðarmenn skipaðir og haldin námskeið um hlutverk og ábyrgð þeirra.

Samningur um tómstundanám í Borgarholtsskóla.

Útfærsla á breyttu hlutverki starfsmannaþjónustu.

Aðgerðaráætlun vegna ímyndarvinnu ÍTR.

Nýjar áherslur í öflun umsækjenda með breyttu útliti starfaauglýsinga.

Verklagsreglur um tülkaþjónustu og settur upp miðlægur pottur til að greiða fyrir túlkun.

Tómstundamál

Heilsársrekstur frístundaheimila hafinn sem tilraunaverkefni vorið 2008.

Útgáfa starfsmannahandbókar fyrir unglingastarf ÍTR.

Útgáfa á hópastarfshandbók.

Viðbragðsáætlun skrifstofu tómstundamála við slysum og áföllum í starfi unnin.

Kleifarsel 18, keypt, og undirbúningur hafinn að hanna það húsnæði fyrir frístundaheimili og frístundaklúbb fatlaðra.

Kirkjustétt 3, aðstaða fyrir félagsmiðstöð og frístundaheimili tekin í notkun í mars

Byrjað á undirbúningi við útivistamiðstöð við Gufunesbæ.

Samningur við Landakotsskóla og Ísaksskóla um niðurgreiðslur til reykvískra foreldra sem eiga börn í frístundaheimilum skólanna.

Sumarstarfsvefur ÍTR tekinn í notkun.

Samningar við Vinnuskólann um félagsmiðstöðvahópa, starf fyrir fatlaða, skapandi hópa og jafningafræðslan.

Húsnæðisskýrsla unnin og í framhaldi af því gert átak í húsnæðismálum í samvinnu við framkvæmda og menntasvið.

Greindar rýmisþarfir fyrir starf fyrir fatlaða í starfi ÍTR.

Rekstur á Ylströnd og Siglunesi færður undir frístundamiðstöðina Kamp.

Íþróttamál

Klórframleiðslutæki sett upp í Laugardalslaug

Vesturbæjarlaug, barnalaug og aðallaug skipt upp til að hita barnalaug

Körfuboltavöllur við Hamraskóla með yfirborðsefni frá Sport Court


Sparkvelli við Langholts-, Klébergs-, Breiðholts-, Hólabrekku- og Hamraskóla.

Brettagaðar á Kjalarnesi og í Laugardal

Undirbúningur að klifurhúsi og brettahúsi við Gufunesbæ

Samningar um uppbyggingu á svæðum Fram og ÍR

Stefnukort ÍTR 2009



Skýringar við stefnukort ÍTR 2009

Þjónusta

Faglegt og fjölbreytt frístundastarf

ÍTR leggur áherslu á að koma til móts við síbreytilegar þarfir borgarbúa á vettvangi frítímans og efla þátttöku í fjölbreyttu íþrótt- og frístundastarfi í borginni. Virk þátttaka barna, ungmenna og unglinga í margvíslegu frístundastarfi hefur mikið forvarnargildi og er mikilvægur liður í mótun lýðræðislegs samfélags. Í þessu augnamiði eru veittir styrkir til fjölda íþrótt- og æskulýðsfélaga en styrkir eru veittir til starfsemi 140 félaga sem hafa þessa sýn að leiðarljósi. ÍTR leggur metnað sinn í að byggja upp faglega þjónustu og kanna viðhorf borgarbúa til hennar og styrkja í starfi sínu það sem borgarbúar eru ánægðir með og bæta það sem betur má fara. Góð samskipti starfsfólks og notenda er leiðarljós ÍTR í þjónustu.

Margþættir möguleikar til útivistar

Möguleikar til útivistar í borginni eru fjölmargir. Lögð er áhersla á að byggja upp fjölbreytta aðstöðu til hollrar og margþættrar útivistar og nýta umhverfisgæði í hverfum borgarinnar. ÍTR mun vinna áfram að slíkri uppbyggingu og mun jafnframt leggja áherslu

á að kynna þá spennandi og fjölbreyttu möguleika til útivistar sem standa borgarbúum og gestum borgarinnar til boða.

Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum

Að rækta hæfileika sína með þátttöku í uppbyggilegu starfi í frítíma sínum eru sjálfsgöð mannréttindi. ÍTR vill tryggja að engum verði mismunað á grundvelli kyns, uppruna, trúar, skoðana eða fötlunar og leggur áherslu á að styrkir og aðrar fjárveitingar til frístundastarfs nýtist til starfsemi er byggir á mannréttindum og jöfnuði. Frístundakortið auðveldar aðgengi ungs fólks að fjölbreytilegu starfi frjálsra félaga. ÍTR leggur sérstaka áherslu á uppbyggingu samstarfs í hverfunum með styrkveitingum til samstarfsverkefna sem miða meðal annars að því að rjúfa félagslega einangrun til þess að samfélagið fái notið krafta allra einstaklinga.

Verklag

Alhliða gæðastefna

ÍTR vinnur gæðastefnu þar sem lögð verður áhersla á skýra verkferla til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila og að öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu. ÍTR mun áfram leggja áherslu á að ábendingar og kvartanir séu tækifæri til að bæta þjónustuna. Mikilvægt er að ÍTR styrki innri og ytri upplýsingamiðlun og verða leiðir til þess skilgreindar í gæðastefnu sviðsins. Góð þjónusta og framsækin vinnubrögð styrkja ímynd ÍTR en sterk ímynd laðar að viðskiptavinum og starfsfólki.

Gott ástand eigna

Til að ÍTR geti sinnt hlutverki sínu þarf að vera nægjanlegt rými fyrir starfseminna, viðhaldi eigna þarf að sinna og viðbrögð við bilunum þurfa að vera skjót. Þjónusta ÍTR byggir á því að truflun verði ekki á starfinu vegna ófullnægjandi aðstöðu, síðbúins viðhalds eða viðgerða. Til að þetta nái fram að ganga þarf verkaskipting milli ÍTR og Framkvæmda- og eignasviðs að vera skýr og byggð á öryggis- og hagkvæmni-sjónarmiðum.

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

Lögð er áhersla á samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. Í þessu tilliti horfir ÍTR til notenda þjónustunnar, starfsfólks á vettvangi, stjórnmalamanna, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og sérfræðinga. ÍTR vill leita nýrra leiða til að efla samskipti og samráð við notendur þjónustunnar og annarra hagsmunaaðila. ÍTR mun vera virkt í samvinnuverkefnum innan hverfanna. Jafnframt vill ÍTR njóta þeirrar þekkingar sem starfsmenn sjálfir búa yfir til að bæta starfið öllum til hagsbóta.

Mannauður

Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi

ÍTR mun leita allra leiða til að laða að hæft starfsfólk til þess að geta mætt auknu umfangi verkefna og til að standa vel að vígi í samkeppni um vinnuafl. Lögð verður áhersla á að skapa umhverfi sem er faglegt og hvetjandi með áherslu á símenntun starfsfólks og öfluga innri upplýsingamiðlun. Jafnframt verður hlúð að þeim mannauði sem fyrir er og með þeim hætti styrkt sú ímynd að ÍTR sé eftirsóknarverður vinnustaður.

Öflugt fagumhverfi frítímaþjónustunnar

ÍTR leggur metnað í að miðla fagþekkingu um málefni frítímans, bæði meðal starfsfólks síns og með þátttöku í samstarfi með uppbyggingu fagmenntunar fyrir augum. Tórstundafræði er kennd á háskólastigi við Háskóla Íslands og þróuð hefur verið námsbraut í tórstundafræði í Borgarholtsskóla. Lögð er áhersla á að viðhalda góðum tengslum við skólana og fleiri aðila til að tvinna saman fræði og starf og efla fagumhverfi ÍTR.

Hæft og ánægt starfsfólk

Allt starfsfólk skal vera vel upplýst um starfsemina og fá tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. ÍTR vill stuðla að starfsánægju með því að styrkja frumkvæði starfsmanna, efla liðsanda, standa vörð um jafnrétti og skapa sveigjanlegt, fjölskylduvænt og öruggt starfsumhverfi sem byggir á hvatningu og stuðningi við frumkvöðlahugsun.

Fjármál

Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi stefnumörkun. Horft er til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR leitast við að skapa rekstrarumhverfi sem byggir á sveigjanleika þar sem forsendur og aðstæður hvernar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu. Rekstrarumhverfi starfstaða verði styrkt með auknu sjálfstæði þeirra og innra eftirliti. Þróaðar verða leiðir til aukinnar hagkvæmni við innheimtu. Notkun innkaupakorta verði endurskilgreind.

Skilvirkt viðhald

Skilvirkt viðhald er lykilatriði í þjónustu ÍTR þar sem allar tafir á þjónustu eru kostnaðarsamar fyrir starfsemina og til óþæginda fyrir viðskiptavini. Tryggja þarf fjármagn til virks viðhalds mannvirkja og efla skilvirkni í áætlanagerð og framkvæmdum vegna viðhalds mannvirkja.

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

Innan ÍTR er lögð áhersla á að vinna nákvæmar fjárhagsáætlanir þar sem tekið er tillit til stærðar mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Vönduð kostnaðargreining sé ávallt grundvöllur að ákvörðun um starfsemi. Fjárhagsrammar séu skýrir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið. Tryggt sé að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi. Samstarf við miðlægt fjármálasvið og bókhald verði eflt.

Helstu verkefni 2009

Þjónusta

Faglegt og fjölbreytt tómstundastarf

- Stuðlað verði að aukinni samþættingu frístundastarfs og skólastarfs.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri.
- Mótuð verði stefna um um rekstur frístundaheimila á heilsársgrunni.
Tímaáætlun: Apríl.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri tómstundamála.
- Mótuð verði stefna í málefnum 10 – 12 ára barna í hverfum borgarinnar.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri tómstundamála.
- Starfsemi á vegum skrifstofu tómstundamála verði endurskoðuð með tilliti til heildrænnar þjónustu við aldurshópinn 6 – 25 ára. Sérstaklega verði horft til samstarfs í hverfum og tengsla við foreldra.
Tímaáætlun: September.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri tómstundamála.

Margþættir möguleikar til útivistar

- Gerð verði heildræn áætlun um aukna nýtingu náttúru- og umhverfisgæða í borginni í starfi ÍTR. Sérstaklega verði horft til stefnumótunar fyrir útivistarmiðstöðvar ÍTR, upplýsingamiðlunar um útivistarmöguleika, umhverfissuppeldis í starfi með börnum og unglingum og samráðs við önnur svið borgarinnar.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri ÍTR, skrifstofustjórar tómstunda- og íþróttamála.
- Gerð verði aðgerðaáætlun um fjölbreyttari þjónustu í sundlaugunum. Sérstakleg verði horft til þjónustu við börn og ungmenni, leiktækja og annars aðbúnaðar, aðstöðu og þjónustu við trimmhópa og kynningarstarfs á erlendum tungumálum meðal innflytjenda og ferðamanna.
Tímaáætlun: Febrúar – apríl.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri íþróttamála.

Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum

- Unnin verði áætlun og útfærðar leiðir til að tryggja samráð og samvinnu hagsmunaaðila í hverfasamstarfi og tengsl við grasrótarsamtök. Sérstök áhersla verði lögð á aukið samstarf vegna þróunar þverfaglegrar starfsemi í hverfum og kynningarstarf meðal innflytjenda
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri ÍTR.
- Vinna stefnumótun ÍTR varðandi starf fyrir fatlaða.
Tímaáætlun: Mars.
Ábyrgðarmenn: Skrifstofustjóri tómstundamála og mannauðsráðgjafa.
- Innleiða samþættingar-/greiningarverkefni í starfinu á frístundaheimilum og félagsmiðstöðum.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmenn: Mannauðsráðgjafi og skrifstofustjóri tómstundamála.

Verklag

Alhliða gæðastefna

- Unnin verði gæðastefna fyrir starfsemi ÍTR í heild og fyrir einstaka starfsþætti. Lýst sé viðmiðum, verkferlum og verklagi. Sett verði fram rafræn (gæða)handbók ÍTR. Sérstaklega verði horft til innri vefs ÍTR sem tækis við kynningu og miðlun upplýsinga til starfsfólks varðandi starfsemi, stefnu og verkferla.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmenn: Skrifstofustjóri ÍTR, skrifstofustjórar tómstunda- og íþróttamála og starfsmannastjóri.
- Gerð verði áætlun um skipulega nýtingu rannsókna, kannana og upplýsingabrunna um alla skráningu í starfsemi ÍTR og Frístundakortið
Tímaáætlun: Febrúar.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri ÍTR.
- Hafin verði vinna að stefnumótun fyrir ÍTR fyrir árið 2010-2015. Settur verði á fót vinnuhópur sem undirbýr nýja stefnumótun.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri.
- Komið verði á innra gæðaeftirliti með starfsstöðum ÍTR. Eignafulltrúi ÍTR fari reglulega á starfsstaði ÍTR og geri úttekt á húsnaðinu. Auka samstarf við eftirlitsaðila.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Eignafulltrúi ÍTR.

- Unnin verði frístundanámskrá fyrir alla starfsemi á vegum skrifstofu tómstundamála.
Tímaáætlun: September.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri tómstundamála.
- Fylgt verði eftir vinnu starfshóps ÍTR í ímyndarmálum. Hópurinn starfi áfram og móti tillögur um stefnu ÍTR í markaðs- og kynningarmálum.
Tímaáætlun: Janúar.
Ábyrgðarmaður: Mannauðsráðgjafi.
- Gerð verði verðskrá fyrir viðburði og útleigu á íþróttá – og tómstundasviði
Tímaáætlun: Mars.
Ábyrgðarmenn: Skrifstofustjórar íþróttá- og tómstundamála og fjármálastjóri.

Gott ástand eigna

- Formgera samstarf ÍTR við Framkvæmda- og eignasvið, UTM og Skipulags-og byggingarsvið. Sérstök áhersla verði lögð á að mannvirki og tækjabúnaður ÍTR sé í góðu ástandi. Verkbeiðnir verði hægt að rekja í gegnum beiðnakerfi.
Tímaáætlun: Febrúar.
Ábyrgðarmaður: Eignafulltrúi ÍTR.

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

- Efla tengsl starfsfólks og kjörinna fulltrúa í ÍTR. Árlega verði haldnir fundir með forstöðumönnum og kjörnum fulltrúum. Lögð er áhersla á sameiginlegan vettvang svo sem fundi og kynningar á starfsemi í hverfum, þátttöku í ráðstefnum og fagumræðu.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri ÍTR.
- Aðstoða íbúa við að koma í framkvæmd hugmyndum sem stuðla að auknum félagsauði í hverfinu og veita stuðning við samstarfsverkefni. Efla samstarf og samráð í hverfum. Efla fræðslu um gildi samstarfs í nærumhverfi og aðferðafræði.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri ÍTR.

Mannauður

Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi

- Útfæra aðgerðaráætlun á öllum vinnustöðum byggða á niðurstöðum vinnustaðagreiningar ÍTR.
Tímaáætlun: Janúar.
Ábyrgðarmenn: Mannauðsráðgjafi og aðstoðarstarfsmannastjóri.
- Námskeið um markvissa endurgjöf til starfsfólks verða haldin út á starfsstöðum.
Tímaáætlun: Janúar.
Ábyrgðarmenn: Aðstoðarstarfsmannastjóri og verkefnastjóri í mannauðsþjónustu.
- Fjölga vettvangsheimsóknum, kynningum og efla tengsl milli starfsstaða ÍTR.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Mannauðsráðgjafi
- Endurskoða vaktafyrirkomulag og vinnutíma í sundlaugum með það fyrir augum að koma á heilstæðu vaktavinnukerfi ÍTR.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmaður: Starfsmannastjóri.

Öflugt fagumhverfi frítímaþjónustunnar

- Skipaður verði starfshópur sem skoðar uppbyggingu á fræðslu og þjálfun starfsfólks sundlauga. Leitað verði fyrirmynda bæði hérlandis og erlendis um formlegt starfsnám og starfsþróun og settar fram tillögur um fyrirkomulag.
Tímaáætlun: Janúar.
Ábyrgðarmaður: Verkefnastjóri í mannauðsþjónustu.
- Fagumhverfi frítímaþjónustunnar verði eflt og skapaður lifandi vettvangur til fagumræðu. Haldin verði ráðstefna um frumkvöðlahlutverk og ábyrgð starfsfólks ÍTR sem leiðandi afls við þróun frítímaþjónustu á Íslandi.
Tímaáætlun: Febrúar.
Ábyrgðarmaður: Verkefnastjóri í mannauðsþjónustu.

Hæft og ánægt starfsfólk

- Unnið verði að endurskoðun starfslýsinga, starfsheita og fagkrafna til starfa á íþrótta- og tómstundasviði. Sérstaklega verði horft til möguleika á að fjölga fagmenntuðu starfsfólki hjá ÍTR og ráðningum í 100% starf við frístundaheimili.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Starfsmannastjóri.

- Greina nánar niðurstöður vinnustaðagreiningar og viðhorfskönnunar. Skoða sérstaklega útkomu um einelti og áreitni á vinnustað. Vinna aðgerðaráætlun í samstarfi við starfsmenn og stjórnendur á hverjum starfstað.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmaður: Mannauðsráðgjafi.
- Gerð verði áætlun um eflingu lýðheilsu og lýðheilsuverkefni meðal starfsfólks ÍTR.
Tímaáætlun: Febrúar.
Ábyrgðarmaður: Verkefnastjóri í mannauðsþjónustu.
- Endurskoða starfsþróunarsamtöl og starfsþróunaráætlanir.
Tímaáætlun: Febrúar.
Ábyrgðarmaður: Mannauðsráðgjafi og aðstoðarstarfsmannastjóri.

Fjármál

Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna

- Þróaðar verði leiðir til að auka hagkvæmni við innheimtu meðal annars með því að fækka greiðsluseðlum.
Tímaáætlun: Apríl.
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri.
- Endurskilgreina notkun innkaupakorta á starfstöðum.
Tímaáætlun: Maí.
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri.
- Styrkja rekstrarumhverfi og auka innra eftirlit á starfstöðum ÍTR.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmenn: Fjármálastjóri og starfsmannastjóri.

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

- Þróa líkan til að deila fjármagni til frístundamiðstöðva. Líkanið inniberi greiningu grunnkostnaðar, rekstraþátta og starfsemi og skilgreiningar m.a. út frá lýðfræðibreytingum.
Tímaáætlun: Janúar.
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri.
- Tryggja að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi. Festa fjármagn við verkefni.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri.

- Efla samstarf við miðlægt fjármálasvið og bókhald.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmaður: Fjármálastjóri.

Skilvirkt viðhald mannvirkja

- Efla skilvirkni í áætlanagerð og framkvæmdum vegna viðhalds mannvirkja.
Fundir með með fasteignastjórum verði haldnir ársfjórungslega.
Tímaáætlun: Allt árið.
Ábyrgðarmenn: Forstöðumaður eignamála, skrifstofustjórar
tómstundamála og íþróttamála.

Lykiltölur ÍTR 2008 (Koma síðar)

Skorkort (Kemur síðar)